

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um hjónin Bergþóru Magnúsdóttur
og Jakob Júlíus Bjarnason.

1. gr.

Sjóðurinn heitir samkvæmt erfðaskrá hjónanna: „Minningarsjóður Bergþóru Magnúsdóttur og Jakobs Júlíusar Bjarnasonar, bakarameistara.“

Heimili hans og varnaþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er arfur eftir hjónin:

- A) Verðbréf nú í vörslu Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka hf. á vegum Landlæknisembættisins kr. 42.840.630.
- B) 1/12 hluti í eyðijörðinni Efri Hömrum í Ásahreppi í Rangárvallasýslu. Fasteignamat á landi jarðarinnar er kr. 1.219.000. Af því fellur undir skipulagsskrána fasteignamat kr. 101.583.
- C) Aðrar eignir, sem sjóðnum kunna að falla í skaut.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera að kaupa tæki til sjúkrahúsa og sambærilegra líknarstofnana til lækninga og rannsókna á vísindalegum grundvelli, enda skulu kaup á tækjum, sem ekki eru til í landinu, en teljast nauðsynleg, ganga fyrir um fjárframlög úr sjóðnum.

Styrk úr sjóðnum má veita efnilegum vísindamönnum í læknisfræði eða sérgreinum, sem læknisfræði varða, hvort sem er til framhaldsnáms eða til sjálfstæðra vísindaiðkana. En einkum skulu rannsóknir á krabbameinssjúkdómum sitja fyrir slíkum styrkveitingum, þótt ekki skuli við það miðað einvörðungu, enda fer slík styrkveiting eftir mati sjóðsstjórnar eða ráðunauta hennar hverju sinni. Við það skal miðað, að styrkir úr sjóðnum til þeirra verkefna, sem fyrir valinu verða, verði ekki til þess að lækka opinber framlög til slíkra verkefna eða draga úr stuðningi annarra við þau.

Aldrei má skerða stofnfé sjóðsins, enda skal sjóðurinn eflur á þann veg að 1/4 -einn fjórði- vaxtatekna bætist árlega við höfuðstólinn, en vöxtum má verja að öðru leyti svo sem greint er hér að ofan. Gjöfum, sem sjóðnum kunna að berast má verja óskiptum til tækjakaupa eða styrkja.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum: Landlækni, forseta læknadeildar Háskóla Íslands og forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins eða öðrum sérfróðum mönnum í læknavísindum, ef þörf gerist. Stjórnin ákveður hve miklu fé skal varið til tækjakaupa eða styrkveitinga hverju sinni og úthlutar styrkjum til umsækjenda.

5. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans eða felur öðrum að gera það á sínum vegum.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins sér um allt reikningshald hans. Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

6. gr.

Eigi síðar en 30. júní ár hvert skal stjórn sjóðsins senda Ríkisendurskoðun reikninga sjóðsins fyrir næstliðið ár, ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á því ári.

Stjórn sjóðsins skal jafnframt tilkynna sjóðaskrá, sem er í vörslu dómsmálaráðuneytisins, hverjir skipi stjórn sjóðsins hverju sinni.

7. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu auglýstir til umsóknar í fjölmiðlum samkvæmt ákvörðun sjóðs-
stjórnar, en þó þannig að almennt gefist færi á að sækja um slíka styrki. Úthluta skal styrkjum árlega, en telji stjórnin það hagkvæmara má hún veita styrki á allt að 5 -fimm- ára fresti. Stjórnin skal halda gerðabók um alla starfsemi sjóðsins.

8. gr.

Eignir sjóðsins skulu varðveittar og ávaxtaðar á tryggilegan hátt og með sem hagstæð-
ustum kjörum á grundvelli verðtryggingar, enda verði verðbréf, sem sjóðurinn kann að kaupa ríkistryggð, en varðveita má féð jafnframt í arðvænlegum fasteignum telji stjórn sjóðsins það hagkvæmt.

9. gr.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til breytinga á skipulagsskrá þessari.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til þess að leggja minningarsjóð þennan niður. Skal það þá gert annað hvort með lokaúthlutun samkvæmt framangreindum markmiðum sjóðsins eða með sameiningu hans við annan sjóð með sömu eða hliðstæð markmið. Ekki skal sjóðurinn lagður niður, nema ríka nauðsyn beri til þess að mati stjórnar hans.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júní 1996.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjar-
stjórnar Vestmannaeyja hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður eru óheimilar austan megin Heiðarvegar frá gatnamótum Heiðarvegar og Strandvegar að Heiðarvegi nr. 5.